

Stoltur af íslenska torfbænum



Líðamynd Gluggjinn/Guðfinna

Hannes Lárusson fyrir framan torfbæinn að Austur-Meðalholtum í Gaulverjabæjarhreppi, þar sem hann vill byggja upp miðstöð um íslenska torfbæjarhefð.

Hannes Lárusson, myndlistarmaður er hugsjónamaður. Hann vill hefja íslenska torfbæjarhefð aftur til vegs og virðingar og setja á fót miðstöð að Austur-Meðalholtum í Gaulverjabæjarhreppi þar sem verkþekking tengd íslenska torfbænum og hefðir verði til sýnis og kynningar. Guðfinna Gunnarsdóttir heimsótti Hannes og konu hans Kristínu Magnúsdóttur að Austur-Meðalholtum þar sem þau hafa endurbyggt og lagfært torfbæ í sinni upprunalegu mynd.

Það er eins og að fara aftur í tímann að aka heimreiðina að Austur-Meðalholtum, torfbærinn stendur á lítilli hæð, fellur saman við landslagið og engin leið að sjá hann frá veginum. Það er nýbúið að rigna þegar blaðamaður ber að garði og gróðurinn umhverfis bæinn skartar sínu fegursta. Kristín býður í bæinn, það er einkennilegt að ganga inn í þetta hús og fortíðin er alltumvefjandi. Vel hefur tekist til við endurbygginguna, gamlir munir eru á sínum stað og sest er inn í hlýlega baðstofu við sama borð og Hannes man eftir að hafa setið við sem strákur.

„Móðir mín, Ásdís Lárusdóttir er fædd hérna og hér bjó ég meira og minna fyrstu 9 ár ævi minnar. Þetta er einn af síðustu torfbæjum hér um slóðir sem búið var í,“ segir Hannes. „Fósturafi minn Hannes Jónsson hætti búskap 1965 og við



Líðamynd Gluggjinn/Guðfinna

Góð kynding Ofninn í eldhúsinu smíðaði Hannes sjálfur úr pott-járni, en hann er notaður bæði til kyndingar og eldamennsku.

fluttum þá til Reykjavíkur. Bærinn stóð hér eftir það tómur og fór í algera niðurniðslu. Það var ekki fyrr en árið 1986 sem við tókum þá ákvörðun að endurbyggja bæinn.“ Hannes segir að ákvörðunin hafi verið björgunaraðgerð. „Hvatinn kom af því að það var orðið dapurlegt að horfa á bæinn falla saman. Við vorum alltaf með kartöflugarða hérna og komum því reglulega hingað, en svo ákváðum við að endurreisa baðstofuna. Hörður Agústsson, listmálari og mikill fræðimaður um íslenska torfbæinn hvatti okkur líka mikið.“ Mikil vinna liggur að baki nú 20 árum síðar. „Þetta er búin að vera griðarleg vinna, ég hafði takmarkaðan áhuga á þessu fyrst, en smám saman jókst áhugi minn á að kynna þessari hefð og enduruppötva hana í vissum skilningi. „Allt efni var endurnýtt eins og hægt var við uppbygginguna nema torfið. „Þetta er eins og hálfgerð helgiathöfn, að taka húsið niður og byggja upp aftur. Við tókum allar spýtur, merktum þær, þvoðum þær með grænsápu og settum þær aftur upp að nýju og notuðum sama grjótið. Torfið er tekið í dælnum hér við bæinn, besta efnið í torfhleðslu þótt víða væri leitað,“ segir Hannes og sýnir blaðamanni hálfgerðan mýrarfláka í landinu. „Hér er mjög gott torf, þykkt og blautt, en það kemur úr landi sem nýtist ekki í annan búskap.“ Byggingarefnið er lífrænt og því mætti kalla torfbæinn lífrænan og endurnýtanlegan. „Endurnýtingin sem stunduð var við byggingu bæja hér á landi er alveg sérstök og maður stillti sig inn á hugarfar sem er margra alda gamalt við endurbygginguna.“ Veggpanill var negldur beint á trégrind sem var byggð inn í tóftina og engin ein-

agrun nema torfið og gólfið liggur beint ofan á grjóthullungum sem halda því uppi.

Hannes segir að afi sinn hafi aldrei nótímavætt sinn búskap, „hingað kom aldrei traktor til dæmis, þannig að hér var allt gert með gamla laginu og afi kaus að breyta ekki búskaparháttum sínum. Við fengum reyndar rafmagn inn í húsið í kringum 1950.“

Hann segir að það hafi verið ákveðin viðbrögð að flytja úr torfbæ í borgina á sínum tíma. „Hér var náttúrulega ákveðin einangrun, ég fór til dæmis ekki í skóla fyrr en ég var 9 ára og áhersla var lögð á aðra hluti. Það var samt ekkert vandamál að aðlagast þótt vissulega hafi verið um ákveðin um-



Líðamynd Gluggjinn/Guðfinna

Fallegt athvarf Við endurbyggingu baðstofunnar var gamla timbríð allt notað aftur og baðstofan lítur út eins og sú sem endurbyggð var 1895, en þá var bærinn klæddur bárujárnri og veggirnir hækkaðir.

skipti að ræða. Mér fannst þetta ekki vera frumstætt líf hér í torfbænum, það er það allaveganna ekki í minningunni.“

Hefur kynnst hefðinni vel

Hannes hefur kynnt sér torfbæjarhefðina vel og er stoltur af torfbæjararfleifðinni. „Þegar ég var að alast hér upp bjuggu þrjár kynslóðir hér saman. Bæði fósturafi minn og móðir voru bæði mjög stolt af torfbænum og þeim hlutum sem honum tengdust. Ég lærði að umgangast bæinn með virðingu, en mér finnst miður að sumt fólk skuli líta niður á torfbæinn og kalla þetta óvistlega torfkofa. Íslenski torfbærinn á sér langa sögu og hefur einstaka stöðu í okkar byggingararfleifð, hann hefur gleymst nokkuð þykir mér og verkþekking sem varð til og honum tengdist er að glatast.“ Hannes segir að torfbæinn að Austur-Meðalholtum megi flokka sem hús á síðasta þróunarstigi í þessari byggingararfleifð.

Torfbærinn að Austur-Meðalholtum var endurbyggður árið 1895 á grunni eldri bæjar. „Ef að bærinn verður til sýnis, þá miðum við við að endurbyggja hann allan í þeirri mynd sem hann var í byrjun síðustu aldar.“ Í dag er búið að endurbyggja, baðstofuna og byggingar tengdar henni, hlóðaeldhús, bláu stofuna, búr, hlöðu og tvö úti-hús, smíðju og hesthús. „Til þess að gera bæinn að fullgildum

sýningargrip myndum við vilja endurbyggja fjós, skemmu og hjall sem var hérna og laga heygarðinn fyrir aftan og nær óskemmdan garð sem er í kringum kálgarðinn, og bera ofan í heimreiðina.“

Staðsetning bæjarins hefur haldist óbreytt. „Nær allt sem Hannes Jónsson byggði hér var gert úr torfi og grjóti í anda torfbæjarhefðarinnar. Bærinn og umhverfi hans var aldrei nútímavætt í byggingum eða vélum og því flest hér óraskað. Verðmæti bæjarins, að mínu mati, felst ekki síst í því að tenging hans við landið og umhverfið er algerlega upprunalegt og óskert.“

Dýrmæt þekking

Hannes segir að sunnlenski torfbærinn sé að nokkru leyti frábrugðinn bæjum annarsstaðar á landinu. „Göng sunnlenska torfbæjarins eru miklu styttri heldur en til dæmis fyrir norðan og baðstofan snýr jafnan fram á hlaðið. Þessi bær hér er dæmigerður sunnlenskur torfbær. Norðurendi flestra húsanna er grafinn inn í bæjarhólinn til að auka einangrun og spara efni og vinnu. Hann snýr jafnframt þannig að hann brýtur betur vel ríkjandi vindáttir, einnig skipti staðsetning máli varðandi nýtingu á birtu og þægilega aðkomu. Þessi hugsunarháttur við bygginguna er byggður á þekkingu og tilfinningu sem þróast hafði



Hér áður fyrr Hannes ólst upp að Austur-Meðalholtum fyrstu 10 ár ævi sinnar. Þessi mynd er tekin árið 1958 og á myndinni sést Hannes 3ja ára að leika sér á bæjartúninu.

kynslóð eftir kynslóð. Þessi þekking hefur verið að glatast ekki síður en verkþekkingin. Með því að stofna miðstöð um íslenska torfbæinn hér er ætlunin að halda við þessari þekkingu eða hugsunarhætti.“

Hannes hefur skoðað flesta torfbæi á landinu, en segir að allt of fáir bæir séu eftir. „Þessi hús eru að mestu leyti horfin í stórum hlutum landsins og nánast engin eftir á Suðurlandi nema torfbærinn að Keldum í Rangárbíngi. Í Árnes-sýslu eru allir torfbæir horfnir, nema einstaka leifar hér og þar.“

Hannes hefur farið erlendis og haldið fyrirlestra um íslenska torfbæinn. „Ég hélt fyrirlestra á vegum Beck Trust í Victoria háskóla í Kanada. Svokallaðir „grænir arkitektar“ hafa sýnt torfbæjarhugmyndinni mikinn áhuga og hvernig samhengi landslags og húsa kemur fram í íslenskri torfbæjarhefð og tengsl hennar við byggingararf í Norður-Evrópu.

við hafa verið fljótir að sjá þetta og finnst einkennilegt að við skulum ekki nota okkur þetta. Torfbærinn á sér 1000 ára sögu frá landnámi fram undir seinna stríð, gríðarleg þekking hefur skapast, næmni og fjölbreytni.

Fáar Norður-Evrópskar þjóðir eiga jafn ríka og samhangandi hefð í byggingum og við eigum í íslenska torfbænum. Ég veit af húsum á Írlandi, sem eiga sér helmingi styttri hefð og hafa vakið mikla athygli. Við getum sjálfum okkur um kennt að torfbærinn er ekki í sviðsljósinu. Ég verð hvarvetna var við mikinn áhuga fyrir honum erlendis.“

Hannes og fjölskylda hans dvelja reglulega í Austur-Meðalholtum allan ársins hring, en eru einnig búsett í Reykjavík. „Það er alveg sérstök tilfinning að koma hingað úr Reykjavík og finnst maður vera kominn áratugi ef ekki aldri aftur í tímann. Húsið nýtist einhvern veginn svo vel, allt er



Illla farinn bær Svona leit torfbærinn að Austur-Meðalholtum út árið 1985 áður en hafist var handa við endurbyggingu hans. Mikil vinna hefur verið lögð í enduruppbyggingu bæjarins undanfarnir 20 ár.

minnst þess ekki að hér hafi verið kalt.“ segir Hannes og brosir.

Hannes er myndlistarmaður og lærði myndlist hér heima, í Kanada og New York og hefur unnið með ljósmyndir, gjörninga og innsetningar. „Ég hef nær aldrei notað torfbæinn beint í minni listsköpun.

En vissulega tengist mín myndlist mínum uppruna. Ég hef til að mynda lagt mig eftir handverki í ýmsum myndum og það má segja að hús og byggingar séu eitt af einkennum á mínum verkum.“

Hannes gengur ákafur í kringum bæinn og sýnir blaðamanni

hvar útihús stóðu og hvernig bærinn var uppbyggður sem og umhverfi hans. Vel er hægt að sjá fyrir sér hvernig þetta leit út og spennandi ef á Austur-Meðalholtum verður í framtíðinni hægt að skoða hvernig forfeður okkar báru sig að og bjuggu um aldir.



Uppbygging Torfbærinn er svo sannarlega umhverfisvænn, notast er við sama timbrið og grjótið aftur og aftur, en nýju torfi bætt við.

Við höfum alltaf að einhverju leyti skammast okkar fyrir torfbæinn, en ég veit að það eru margir þættir varðandi þessa fornu hefð sem gaman er að kynna fyrir erlendum aðilum.“

Vill tengja torfbæinn nútíma byggingalist

Hannes segir að með smá hugmyndaflugi megi tengja torfbæinn nútíma byggingalist. „Sérstaklega hvernig torfbærinn situr í umhverfinu og er hluti af landslaginu og er ekki í átökum við umhverfið. Það er spennandi hugmynd að aðlaga torfbæjarhefðina umhverfisvænum arkitektúr og túlka torfbæinn inn í samtímann. Þessi hús eru fallegir og þróaðir fagurfræðilegir gripir, listrænt séð, og hægt að hugsa þau bæði sem hús eða jafnvel skúlptúr.

Útlendingar sem ég hef talað

hugsað út frá mannlegum stærðum og aðlagað að grunnþörfum manna. Hlutföllin og rýmisskynjun hér er svo mannleg, eins og niðurstaða hafi verið fundin eftir árhundraða þróun.“

Þau hjónin rækta mikið sjálf og hafa plantað heilmiklu umhverfis bæinn og rækta allt grænmeti.

Húsið er kynt með pottofni í eldhúsinu sem Hannes smíðaði sjálfur, ofninn er einnig notaður til að elda á. „Ég bý þessa ofna til sjálfur, þeir eru steypir úr pottjárnri, en það efni heldur mikið lengur heitu en önnur efni.“

Varmanýting í torfbæjum miðaðist við að nota þyrfti sem allra minnsta kyndingu. „Baðstofan var ekki kynt, heldur var líkamshitinn látinn sjá um upphitun. Í þessu húsi var byggt eldhús sem framhald baðstofunnar, þannig að við fengum hita af eldavel sem hér var. Ég



Hlóðaeldhús Ekki er mikið eldað í hlóðaeldhúsinu þó það hafi líka verið endurbýgt. Veggirnir eru ekki timburklæddir og torfhléslan sést vel.

Grímsævintýri
 Hátið í Grímsnes- og Grafingshreppi
 Laugardaginn 6. ágúst
 Hátið á Borg hefst kl. 13:00
 Aðgangur ókeypis

Uppsveitarvikingurinn 2005, sterkustu menn landsins takast á. Hoppukaftali, tombóla, og útimarkaður með handverk, grænmeti og margt fleira.

Ís á ævintýralegu verði í versluninni Borg
 Kaffi, heimabakaðar kökur og myndlistarsýning
 sveitunga á Gömlu Borg

“Matur og menning” í Prastalundi.
 Tveggja rétta helgartilboð í tilefni Grímsævintýris.
 Myndlistasýning og tónlistaatriði laugardagskvöld.

Ferðaþjónustan á Minniborg er með kynningu á fyrsta Skógarþorpínu, spennandi viðbót við gisti möguleika í Grímsnesi. Allir velkomnir á staðinn kl. 14.00-18.00

Opíð hús í Írafossvirkjun frá kl. 10.00-12.00.
 Gestum boðið að skoða virkjunina undir leiðsögn starfsmanna

Í Ljósafossvirkjun eru 2 sýningar.
 Myndlistasýningin “Ar og Kyr” 365 kúamyndir malaðar af Jóni Eiríkssyni bónda, ein fyrir hvern dag ársins og síðan “Ofn er í holti heyrandi nær”
 Ljósmyndasýning Guðmundar Guðmundssonar.

Það er höndlað Grímsnes, atakafli- og menningarmálefnið um atakafli, sveitarvörð, Jóni Landavirkjun sem myndar þessu höndlaði. Ljósmyndunin er stýrt af Jóni.